



Hetjusinfónían

Sinfóníuhljómsveit
unga fólksins

Tónleikar í Langholtskirkju
21. mars 2026 kl. 17.00



Reykjavík

GLÆSIBÓK UM MERKAN LISTAMANN!



Kristján H. Magnússon – Listamaðurinn sem gleymdist

Sannkallaður kjörgripur öllum þeim er unna íslenskri menningu; verðugur minnisvarði um ungan mann frá Ísafirði sem fór óvenjulegar leiðir til að ná af miklum metnaði hæstu hæðum í list sinni, bæði heima og erlendis.

VERÖLD



Efnisskrá

Béla Bartók:

Rúmenskir þjóðdansar

1. Stafdans
2. Dans frá Brául með band um mittið
3. Dansað og stappað
4. Hornadans frá Bucsumi
5. Rúmenskur polka
6. Märunţel frá Belényes
7. Märunţel frá Nyágra

Felix Mendelssohn:

Konsert fyrir fiðlu og hljómsveit í e-moll op. 64

1. Allegro molto appassionato
2. Andante
3. Allegretto non troppo - Allegro molto vivace

Einleikari: Helga Diljá Jörundsdóttir

Hlé

Ludwig van Beethoven:

Sinfónía nr. 3 í Es-dúr op. 55 (Hetjusinfónían)

1. Allegro con brio
2. Marcia funebre
3. Scherzo (Allegro vivace)
4. Finale (Allegro molto)




Einleikari:
Helga Diljá Jörundsdóttir



Stjórnandi:
Gunnsteinn Ólafsson


Sinfóníuhljómsveit unga fólksins þakkar Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og Neskirkju fyrir veitta æfingaðstöðu og lán á hljóðfærum.



Béla Bartók (1881-1945) var ungverskt tónskáld sem hafði mikil áhrif á þróun tónlistar 20. aldar með tónsmíðum sínum. Hann rannsakaði ungversk þjóðlög og þróaði sinn eigin tónsmíðastíl út frá þeim. Kunnustu verk hans eru Konsert fyrir hljómsveit, óperan Bláskeggsborg, ballettinn Makalausi mandaríninn, þrjár píanókonserterar og Mikrokosmos fyrir píanó. Bartók heyrði sjö rúmenska þjóðdansa leikna í Transylvaníu á fiðlu og flautu, einradda, og útsetti þá fyrir píanó með hljómaundirspili árið 1915. Tveimur árum síðar klæddi hann dansana í hljómsveitarbúning.



Felix Mendelssohn (1809-1847) var eitt þekktasta tónskáld rómantíska tímabilsins í Þýskalandi. Hann var einnig kunnur sem hljómsveitarstjóri og píanóleikari. Sinfóníur Mendelssohns nr. 3 og 4. (Skoska og Ítalska) njóta mikillar hylli tónleikagesta en þó ber fiðlukonsertinn af öllum verkum hans hvað vinsældir snertir. Konsertinn er í þremur þáttum og mynda þeir einn samfelldan tónbálg, líkt og mörg önnur verk Mendelssohns. Hugmyndin var að rjúfa ekki flæði tónlistarinnar heldur halda hlustandanum fönngnum í töfraheimi tónanna frá upphafi til enda.



Í þriðju sinfóníu **Ludwigs van Beethovens (1770-1827)** hélt rómantíkin innreið sína í heim sinfóníunnar. Með rómantíkinni urðu tilfinningar og vísan til náttúrunnar allsráðandi í verkum listamanna. Þeir lýstu náttúrunni eins og væri hún spegill hins innri manns. „Yfir öllum tindum ríkir ró“ kvað Goethe og átti þá við sína eigin sál. Í þriðju sinfóníunni sprengir Beethoven öll fyrri viðmið í sinfóníusmíði. Verkið er tvöfalt lengra en klassískar sinfóníur Haydns og Mozarts, hann bætir við þriðja horninu (fram að því höfðu aðeins tvö horn verið notuð í sinfóníuhljómsveit) og mikill munur er á milli forte og piano. Verkið var samið á árunum 1803 til 1804. Beethoven var eindreginn stuðningsmaður frönsku byltingarinnar sem gerð var árið 1789 undir kjörordinu „frelsi, jafnrétti og bræðralag“. Tónskáldið hugðist tileinka Napóleón 3. sinfóníuna en þegar hann frétti að hershöfðinginn hefði krýnt sjálfan sig til keisara reif hann titilsíðu sinfóníunnar í reiði sinni og helgaði hana í stað þess ónefndu „mikilmenni“. Þannig festist nafnið Hetjusinfónían við verkið.



Helga Diljá Jörundsdóttir fiðluleikari stundaði nám við MÍT undir handleiðslu Auðar Hafsteinsdóttur og Joaquims Páls Palomares. Hún er nú við nám í Konunglega tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn hjá próf. Peter Herresthal. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Helga Diljá þegar komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, Hljómsveit Akureyrar og Norsku heimskaulahljómsveitinni. Þá hefur hún tekið þátt í virtum tónlistarhátíðum á Norðurlöndunum, svo sem Festspillene í Björgvin í Noregi, Eystrasaltshátíðinni, Heimskautahátíðinni á Svalbarða og Kammermúsikhátíðinni í Osló.



Gunnsteinn Ólafsson stundaði nám í tónsmíðum við Franz Liszt-tónlistarakademíuna í Búdapest og í hljómsveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi. Gunnsteinn starfar jöfnum höndum sem kór- og hljómsveitarstjóri, tónlistarkennari og tónskáld. Hann er stjórnandi Háskólakórsins og Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins og hefur auk þess stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfóníuhljómsveit Austurlands og óperuuppfærslum í Íslensku óperunni og Þjóðleikhúsinu. Árið 2023 komu út á prenti sönglög hans og árið 2025 lög fyrir blandaðan kór. Ævintýraópera Gunnsteins og Böðvars Guðmundssonar, Baldursbrá, var frumsýnd í Hörpu árið 2014.



Myndir frá æfingum



Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, Ungfónía, var stofnuð haustið 2004. Hljómsveitin er skipuð 40 til 50 nemendum úr LHÍ, tónlistarskólum af höfuðborgarsvæðinu og við tónlistarháskóla erlendis á aldrinum 13 til 25 ára. Einleikarar og einsöngvarar með hljómsveitinni eru jafnan nemendur að ljúka framhaldsnámi erlendis eða eru nýkomnir heim frá námi. Hljómsveitin hefur tekist á við þrjú til fjögur verkefni á ári og haldið tónleika víða um land. Hljómsveitin var tónlistarhópur Reykjavíkur árið 2016.



Myndir frá æfingum

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins

1. fiðla

Neza Gorup
konsertmeistari
Margrét Kristjánsdóttir
Ásrún Eir Þórarinsdóttir
Eyprúður Ragnheiðardóttir
Íris Torfadóttir
Júlía Guðmundsdóttir
Yasney Rojano
Hlín Erlendsdóttir

2. fiðla

Emilía Árnadóttir
Magnús Thor Halloway
Hjördís Birna Ingvadóttir
Malina Hannemann
Kristín Ásta Sigtryggisdóttir
Katrín Róbertsdóttir
Ragnheiður E Þorsteinsdóttir

Vióla

Selma Elísa Ólafsdóttir
Þórhildur Vala Sigurðardóttir
Úlfur Þórarinsson
Steina Kristín Ingólfssdóttir

Selló

Skúli Þór Jónasson
Guðbjörn Mar Þorsteinsson
Svetlana Veschagina
Þór Pétursson

Kontrabassi

Joaquim de la Cuesta
Alexandra Kjeld

Flauta

Hildur Arna Hrafnadóttir
Guðlaug Ósk Gunnarsdóttir
Aðalheiður Kristín Ragnarsdóttir

Piccolo

Aðalheiður Kristín Ragnarsdóttir

Óbó

Andreas Guðmundsson
Gunnar Þorgeirsson

Klarinett

Íris Orradóttir
Alfa Magdalena B. Jórunnardóttir

Fagott

Hrafn Marinó Thorarensen
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

Horn

Örn Kjartansson
Brynjar Guðrúnarson
Katrín Ingimundardóttir

Trompet

Eberg Elefsen
Egill Orri Líndal

Pákur

Breki Freysson


Ljósmyndari á æfingum: Morten Robin Eh

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks

Allt fyrir tónlistarmanninn
á einum stað



Tónastöðin býður upp á
mikið úrval hljóðfæra
og nótnabóka fyrir allar
tegundir tónlistar og
leggur áherslu á góða og
persónulega þjónustu,
byggða á þekkingu
og áratuga reynslu.



TÓNASTÖÐIN

Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • www.tonastodin.is